

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Höfðaskóga og Hvaleyrarvatns.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og byggingarráð á fundi sínum 15. júní 2021 breytingu á ofangreindu deiliskipulagi þar sem markmið breytingarinnar er m.a. að bæta aðkomu að Hvaleyrarvatni og aðstöðu til útivistar. Gert verður ráð fyrir bílastæðum hreyfihamlaðra norðan við vatnið með aðgangsstýringu.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Hafnarfirði, 5. júlí 2021.

Berglind Guðmundsdóttir landslagsarkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 19. júlí 2021